

99.fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn á Teams mánudaginn 22. nóvember 2021 kl. 10:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Halldór Páll Halldórsson skólameistari, Bragi Bjarnson, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Jóna Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarskólameistari, Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð, Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Oddný Benónýsdóttir, Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhannes Sveinbjörnsson og Bára Magnúsdóttir (fjármálastjóri). Pálmi Hilmarsson húsbóndi og umsjónarmaður fasteigna kom inn undir lið 1. Eydís Indriðadóttir og Oddný Benónýsdóttir (fulltrúi nemenda) boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Áætlaðar framkvæmdir við húsnæði skólans árið 2022
2. Rekstarniðurstaða Mötuneytis ML 1. ágúst 2020-31. júlí 2021
3. Stefnumótun skólans 2022-2025
4. Önnur mál

Gunnar setti fundinn.

1. Áætlaðar framkvæmdir við húsnæði skólans árið 2022

Halldór Páll útskýrir kerfisbreytingar hjá Ríkinu, Fasteignir Ríkisins og Ríkiseignir sameinast í eina stofnum og vegna þessa er ekkert fast í hendi með framkvæmdir næsta árs. Pálmi tekur til máls, útskýrir stöðuna með hleðslustöðvarnar. Framkvæmdir sem eru eftir: ljósastaurar að vistum, mála þakið á skólahúsinu, gleranddyri við aðalinngang og fjarvist. Starfsmannahúsnæði eru nánast fullkláruð. Fyrirhugað á næsta ári, en sumt á eftir að fást staðfest: Nösin máluð að utan og nokkra framkvæmdir innanhús, heilmála herbergin á fjarvist, brytaíbúðinni breytt í verk- og listverkefnastofu.

2. Rekstarniðurstaða Mötuneytis ML 1. ágúst 2020 31. júlí 2021

Bára tekur til máls. Deilir á skjá rekstrarreikning síðasta árs. Tap á síðasta rekstarári er tæpar 18 milljónir. Umræða um styrki frá hinu opinbera rædd: Fengum ekki viðspyrnustyrk því við skilum ekki virðisauka. Vinnumálastofnun styrkir okkur um 600 þús. kr. í 6 mánuði, þetta árið fyrir síðasta ár. Aðrir styrkir frá hinu opinbera hafa ekki fengist. Bragi biður um að fá að sjá selt fæði brotið niður. Bára vinnur það og sendir á nefndarmenn. Verðbólga og hækkanir vaxta rædd. Árseikningur mötuneytisins samþykktur og sendur til nefndarmanna. Mötuneytisgjaldshækkun frá og með 1. janúar 2022 um 3% samþykkt.

3. Stefnumótun skólans 2022 - 2024

Jóna Katrín tekur til máls. Deilir skjá og sýnir okkur stefnumiðun skólans 2022 – 2024 og fer yfir helstu markmið. Kynjahlutfall nemenda rædd. Freyja tekur til máls og segir frá aðkomu hennar að ýmsum könnunum í ML og einnig starfi á vegum UMFL. Umræða

nefndarmanna um kannanir frá Rannsóknum og greiningu, Framhaldskólapúlsinn og kynjahlutfall.

4. Önnur mál

- Covid ástand rætt.
- Halldór Páll ræðir aðsókn ML. Við stöndum frammi fyrir vanda með vistarmál ef aðsókn verður góð næsta haust eins og hefur verið. Allt að 15-20 rými vantar.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:05

Fundagerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir